



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13.maí 2011


Efni: Þingmál 651 – Frumvarp til laga um minningarmínjar.

Í IX. kafla 41. gr. frumvarpsins er fjallað um friðlýsingu minningarmarkna. Þar segir m.a. að Minjastofnun Íslands skuli halda skrá yfir friðaða og friðlýsta legsteina og önnur minningarmörk.

Kirkjugarðaráð leggur áherslu á að Minjastofnun verði tryggt fjármagn til að standa undir skráningu og aðstoð vegna viðgerða á friðlýstum minningarmörkum sem hafa mikla sérstöðu að mati stofnunarinnar.

Skráningin veitir yfirsýn yfir fjölda og ástand friðlýstra minningarmarkna og er grundvöllur fyrir því að hægt sé að ráðast í forgangsröðun, varðveislu og lagfæringar friðlýstra minningarmarkna.

Virðingarfyllst  
f.h. Kirkjugarðaráðs

  
Guðmundur Rafn Sigurðsson  
framkvæmdastjóri